

Stofnanasamningur milli Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Félags sjúkraþjálfara.

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félags sjúkraþjálfara hins vegar.

1) Gildissvið

Samningur þessi nær til starfsmanna Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) sem eiga aðild að Félagi sjúkraþjálfara. Samningurinn byggir á gildandi kjarasamningi Félags sjúkraþjálfara (FS) og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

2) Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- a. að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis
- b. að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- c. að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi góðri þekkingu innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

3) Framkvæmd röðunar og mats

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunar, eðli starfa, ábyrgðar og umfangs. Miðað skal við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Sjúkraþjálfari A – Grunnröðun lfl 09 - 0

Sjúkraþjálfari á fyrsta starfsári eftir útskrift. Vinnur almenn störf sjúkraþjálfara og tekur þátt í þverfaglegri teymisvinnu. Nýtur leiðsagnar reyndari sjúkraþjálfara.

Grunnröðun lfl 10 - 0

Sjúkraþjálfari eftir a.m.k. eitt ár í faggreininni. Vinnur sjálfstætt við athuganir, mat og ráðgjöf samkvæmt skipulagi starfsstöðvar og ber ábyrgð á faglegum gæðum starfa sinna.

Sjúkraþjálfari B – Grunnröðun lfl 11 - 0

Sjúkraþjálfari með a.m.k. 3 ára fagreynslu. Sjúkraþjálfarinn veitir upplýsingar og ráðgjöf, greinir, metur og vinnur sjálfstætt að úrlausn mála í samræmi við viðtal og /eða skoðun. Tekur þátt í teymisvinnu. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki, nemendum og nýjum sjúkraþjálfurum og sinnir verkefnum á sínu fagsviði í samráði við yfirmann. Sjúkraþjálfari sem hefur umsjón með hreyfiseðli skal að öllu jöfnu hafa lokið námskeiði í áhugahvetjandi samtali.

Sjúkraþjálfari C – Grunnröðun lfl 12 - 0

Sjúkraþjálfari eftir a.m.k. 1 ár í starfi innan HH. Starfar sjálfstætt, hefur umsjón og ber faglega ábyrgð á verkefnum sjúkraþjálfara í heilsugæslunni. Sjúkraþjálfari veitir upplýsingar og ráðgjöf, greinir, metur og vinnur sjálfstætt að úrlausn mála í samræmi við viðtal og /eða skoðun. Tekur þátt í teymisvinnu. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki, nemendum og nýjum sjúkraþjálfurum ásamt klíniskri kennslu nema í sjúkraþjálfun og sinnir verkefnum á sínu fagsviði í samráði við yfirmann. Sjúkraþjálfari sem hefur umsjón með hreyfiseðli skal að öllu jöfnu hafa lokið námskeiði í áhugahvetjandi samtali.

Sjúkraþjálfari D - Grunnröðun lfl 13 - 0

Starfið felur í sér sérþekkingu, sjálfstæða umsjón og faglega ábyrgð á verkefnum s.s. stjórnun endurhæfingarteyma, ábyrgð á umsjón og gerð kennsluefnis. Starfið felur í sér umbótastarf og faglega þróun nýrra verkefna sjúkraþjálfara innan heilsugæslunnar.

Sjúkraþjálfari E – Grunnröðun lfl 15 - 0

Starfið felur í sér umsjón og skipulagningu, samhæfingu og faglega ábyrgð á verkefnum innan heilsugæslunnar. Starfið krefst víðtækrar þekkingar á starfsemi sjúkraþjálfunar og heilsugæslu, opinberrar stjórnarsýslu og/eða verkefnisstjórnunar. Í starfinu felst þróunarvinna varðandi þjónustu sjúkraþjálfara á heilsugæslum og samþættingu við aðrar starfsstéttir. Starfið getur falið í sér forsvor og samskipti við ráðuneyti og samstarfsstofnanir innanlands og utan.

4) Persónubundnir þættir

4.1 Viðbótarmenntun

Viðbótarmenntun er metin á láréttum ás fyrir starfaflokka. Um er að ræða mat á formlegu framhaldsnámi til viðbótar við starfsleyfi sem sjúkraþjálfari. Menntun þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi. Samkvæmt þessu ákvæði getur sjúkraþjálfari hækkað um allt að 6 þrep.

- Sjúkraþjálfari sem lokið hefur formlegu viðbótarnámi sem nýtist í starfi (diplómanám), að lágmarki 30 ECTS einingar fær 1 þrep í álag.
- Sjúkraþjálfari sem lokið hefur formlegu viðbótarnámi sem nýtist í starfi (diplómanám), að lágmarki 60 ECTS einingar fær 1 þrep í álag til viðbótar (alls 2 þrep fyrir 60 einingarnar).
- Sjúkraþjálfari sem lokið hefur meistaragráðu til viðbótar við starfsréttindi sem sjúkraþjálfari, 90-120 ECTS einingar, fær 4 þrep í álag. Launahækkun vegna diplómanáms kemur ekki til viðbótar við launahækkun vegna meistaráprófs.
- Sjúkraþjálfari sem lokið hefur doktorsprófi, 180 ECTS einingar, sem nýtist í starfi fær 6 þrep í álag.

4.2 Starfsreynsla

- Sjúkraþjálfari sem starfað hefur hjá heilsugæslu í samtals 3 ár hækki um 1 þrep
- Sjúkraþjálfari sem starfað hefur hjá heilsugæslu í samtals 7 ár hækki um 1 þrep

Mest er þannig hægt að fá 2 þrep fyrir starfsreynslu hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Heimilt er að meta starfsreynslu á fagsviði vegna starfa utan heilsugæslu.

4.3 Hækkun umfram 8 þrep á láréttum ási

Starfsmaður sem hefur áunnið sér hækkun umfram átta álagsþrep, færast í næstu launatölu næsta launaflokks fyrir ofan.

5) Önnur ákvæði

Vegna breytinga og þróunar á starfssviði sjúkraþjálfara og starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega. Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist brostnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum.

6) Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi er gerður á grundvelli 11. kafla kjarasamnings Félags sjúkraþjálfara og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs. Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2020.

Reykjavík, dags 25. mars 2021

Fh. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Svava Kristín Þorkelsdóttir
Jónas Guðmundsson
Ingunn Sigurgeirsdóttir

Fh. Félags sjúkraþjálfara

Unnur Pétursdóttir
Halldóra Eyjólfsdóttir
Erna Kristjánsdóttir
Guðrún Káradóttir

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að meta námskeið sem sjúkraþjálfarar sækja sér til sí- og endurmenntunar sem hér segir sbr.:

180 klst – 1 þrep

360 klst – 1 þrep

Þessi þrep geta komið í stað þrepa sem veitt eru fyrir 30 og 60 ECTS eininga nám, en ekki þeim til viðbótar. Þau námskeið sem metin eru á þennan hátt eru þau námskeið sem Félag sjúkraþjálfara og Sjúkratryggingar Íslands hafa samþykkt og má finna á heimasíðu Félags sjúkraþjálfara, www.physio.is (kjaramál – verktakar). Sé námskeið ekki að finna á þeim lista er mati þess vísað til samstarfsnefndar HH og FS.

Bókun 2

Enginn sjúkraþjálfari skal lækka í launum við gildistöku þessa samnings.

Bókun 3 fyrirvari

Þann 14. ágúst 2015 kvað gerðardómur upp úrskurð í kjaradeilu 18 aðildarféлага BHM annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar. Í 2. gr. úrskurðarorða gerðardóms um launahækkunir er kveðið á um hvernig laun skv. grein 1.1.1 í kjarasamningi skuli hækka á þeim framlengda gildistíma kjarasamnings sem gerðardómur ákvað. Þar kemur m.a. fram að þann 1. júní 2016 fari 1,65% „Til útfærslu menntunarákvæða, sbr. 5. gr. þessa úrskurðar, eftir því sem þörf krefur og eftir atvikum annarra þátta í stofnanasamningum.“

Í 5. gr. úrskurðarins, sem varðar greinar 11.3.3.1 og 11.3.3.2 í kjarasamningi aðila er að finna eftirfarandi útlistun á því með hvaða hætti meta skuli menntun í stofnanasamningum.

Grein 11.3.3.1.: „Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (BA/BS) í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk sem hér segir:

Starf sem gerir kröfu um 60 einingar (ECTS) viðbótarnám raðast að lágmarki einum launaflokki hærra en starf þar sem einungis er krafist grunnmenntunar og sé gerð krafa um meistaragráðu skal slíkt starf raðast að lágmarki 2 launalokkum hærra sbr. upptalningu hér að neðan:

Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar = 1 launaflokkur).

Meistaragráða (90-120 einingar) = 2 launaflokkar.

Doktors- eða sambærileg gráða (180 einingar) = 3 launaflokkar. “

Grein 11.3.3.2: „...Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi. Miða skal við að diplóma (60 einingar) leiði til hækkunar um 2 álagsþrep, meistaragráða leiði til hækkunar um 4 álagsþrep og doktors- eða sambærileg gráða með 6 álagsþrepum. Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.“

Aðilar gerðardóms, þ.e. fjármála- og efnahagsráðuneytið annars vegar og BHM og aðildarfélag þess hins vegar, eru ekki sammála um túlkun á ákvæðum gerðardóms um mat á menntun. Þann 29. apríl 2016 sendi fjármála- og efnahagsráðuneytið leiðbeiningar til stofnana um útfærslu

menntunarákvæðis úrskurðar gerðardóms. BHM sendi ráðuneytinu, ráðherra og forstöðumönnum stofnana athugasemdir sínar þann 18. maí 2016 þar sem áréttað var að aðilar væru ósammála um túlkun þessa mikilvæga ákvæðis. Óljóst er hvenær niðurstaða fæst í ágreining aðila og þá hver hún verður. Ekki er hægt að útiloka að það komi í hlut Félagsdóms að leysa úr þessum ágreiningi. Þar til slík niðurstaða fæst eða samkomulag næst með aðilum er ljóst að miða verður mat á menntun í stofnanasamningi þessum við leiðbeiningar fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 29. apríl 2016. Samningsaðilar samþykkja stofnanasamning þennan með þeim fyrirvara að komi til þess að túlkun á ákvæðum gerðardóms verði síðar með öðrum hætti en skv. fyrrnefndum leiðbeiningum, eigi sér stað afturvirk leiðrétting í samræmi við þá túlkun og tekið verði fullt tillit til þeirra greiðslna sem HH hefur þá þegar innt af hendi vegna útfærslu menntunarákvæða samkvæmt stofnanasamning þessum.

Með samningi þessum eru tekin inn menntunarákvæði Gerðardóms frá 15. ágúst 2015 og teljast þau þar með að fullu frágengin.

Undirritunarsíða

Ingunn Sigurgeirsdóttir

Svava Kristín Þorkelsdóttir

Jónas Guðmundsson

Unnur Pétursdóttir

Halldóra Eyjólfsdóttir

Erna Kristjánsdóttir

Guðrún Dagbjört Káradóttir